

Ársfundur Landspítala 2005

Birna Kr. Svavarsdóttir, formaður stjórnarnefndar

Heilbrigðis og tryggingamálaráðherra, - fundarstjóri, - Starfsfólk, - Ágætu gestir.

Ráðist var í það umfangsmikla verkefni árið 2000 að sameina Ríkisspítala og sjúkrahús Reykjavíkur undir nafninu Landspítali – háskólasjúkrahús.

Tilgangurinn með sameiningunni var einkum, að bæta þjónustu við sjúklinga og auka hagkvæmni í spítalarekstrinum.

Eðlilega fóru í hönd miklar breytingar á öllu skipulagi, sem hafði í för með sér mikla samþjöppun í starfsemi og þjónustu og einnig óhjákvæmilegar breytingar í yfirstjórn spítalans.

Stjórnarnefnd ákvað nýtt skipurit fyrir hinn sameinaða spítala og fyrirkomulag yfirstjórnar hans, í samráði við forstjóra. Var það skipulag staðfest af heilbrigðis og – tryggingamálaráðuneyti í samræmi við ákvæði heilbrigðis laga.

Ákveðið var að auk forstjóra myndu fimm framkvæmdastjórar stýra Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

Starfsemi spítalans var skipt upp í svið og /eða stjórnunareiningar sem nú eru um 35.

Forstjóri og framkvæmdarstjórn, myndu velja og fela sviðstjórum klinískra sviða, meiri verkefni og ábyrgð tímabundið.

En að auki starfa við spítalann um 70. yfirlæknar og um 130. deildarstjórar og aðrir yfirmenn.

En heildar-meðal –stöðugildi í mánuði á spítalanum á liðnu ári voru 3.824. (þrjú þúsund áttahundruð tuttugu og fjögur)

Sú umræða og gagnýni ákveðins hóps starfsmanna sem átt hefur sér stað síðustu mánuði um stjórnskipulag Landspítala háskólasjúkrahúss fór því miður fram í fjölmiðlum, sem verður að teljast óheppilegt samskiptaform við stjórnendur spítalans. Það er hinsvegar von okkar að nú fari fram uppbyggileg umræða milli starfsmanna og stjórnenda um það sem betur má fara í samskiptum þessara aðila, þannig að sátt verði um starfsemi spítalans.

Sameiningarárin tóku sinn toll, við því var að búast, - bæði hjá starfsfólki og stjórnendum.

Þrátt fyrir umrótið og erfiðleikana hefur starfsfólk spítalans ávalt haft þarfir og þjónustu við sjúklingana í fyrirrúmi og ber að virða það og þakka.

Þessi tími er nú liðinn og komið að því að horfa fram á veg.

Betri nýting á fjármunum sem varið er til heilbrigðismála er krafa sem samfélagið gerir til stjórnenda í heilbrigðisþjónustu. Þetta verður alltaf að hafa í huga þegar fjallað er meðal annars um þær fjölþættu hliðar sem tengjast því að starfrækja öflugt háskólasjúkrahús.

Við þurfum að tryggja menntun og þjálfun á okkar fólki til þess að viðhalda gæðum í heilbrigðisþjónustunni.

Í því sambandi er mikilvægt að meta að verðleikum það framlag sem starfsmenn Landspítala háskólasjúkrahúss leggja til menntunar heilbrigðisstétta í landinu.

Við þurfum einnig að leggja áfram okkar skerf í rannsóknir og vísindastörf í alþjóðlegu samfélagi.

Framlag Landspítala háskólasjúkrahúss til vísinda á Íslandi er umtalsverð.

Þegar á árinu 1999 voru 20 % allra greina íslenskra vísindamanna, sem birtar voru í ritrýndum tímaritum, afrakstur vísindavinnu starfsmanna spítalans.

Þetta framlag hefur vaxið jafnt og þétt og var á árinu 2003 orðið 28 % allra íslenskra vísindagreina í slíkum tímaritum.

Spítalinn hefur á þessu ári tekið þá ákvörðun að styrkja Vísindasjóð Landspítala háskólasjúkrahús myndalega, þannig að nú í vor verða nærri 50 milljónir króna til úthlutunar úr sjóðnum til vísindamanna spítalans.

Við þurfum að tryggja að við höfum hæft fólk á vinnumarkaðnum til þess að ganga í þau fjölbreyttu þjónustustörf sem sjúkrahúsin kalla eftir.

Og Við þurfum að nýta sjúkrahússplássin rétt.

En þrátt fyrir að mikil áhersla hafi verið lögð á uppbyggingu og fjölgun

hjúkrunarheimilisrýma, - hefur ekki tekist að anna eftirspurn á höfuðborgarsvæðinu.

Þetta hefur leitt það af sér, að aldraðir og langveikir sem ekki þurfa lengur að nota bráða - og endurhæfingarþjónustu spítalans hafa tept pláss lengur en annars væri. ~~lækið~~

Afkoma Landspítala –háskólasjúkrahúss var góð á árinu 2004 og ljóst að mikið hefur áunnist í starfsemi spítalans.

Samkvæmt ársreikningi er heildarkostnaður spítalans um 27,9 milljarðar króna, og var kostnaður, 1% umfram fjárheimildir.

Þessi niðurstaða er mjög góð fyrir spítalann þegar tekið er tillit þess, að kröfur stjórnvalda um sparnað fólu í sér – að draga rekstur spítalans saman um – 3%.

Á sama tíma og raunkostnaður við rekstur spítalans hefur lækkað, - þá hefur starfsemin aukist, legutími styst, göngudeildar- og dagdeildarþjónusta verið aukin og - almennt hafa biðlistar stysst, þó með undantekningu sé,- sem við vonumst til að verði bætt úr nú á næstunni.

Reynsla síðustu fimm ára í kjölfar sameiningar spítalanna í eitt öflugt sjúkrahús - Landspítala háskólasjúkrahús, færir okkur mikilvægar upplýsingar.

Þrátt fyrir augljósa hagræðingu af því, að sameina spítalana er mikið verk óunnið.

Starfsemin fer fram í gömlum byggingum, sem erfitt og mjög kostnaðarsamt er að endurbæta, til að mæta kröfum nútímans.

Því er aðstaða fyrir sjúklingana og starfsfólk í dag víða ábótavant.

Stjórnendum er það ljóst, að sífellt þarf að bæta núverandi húsnæði og aðstöðu spítalans, til þess að starfsemin geti mætt kröfum á komandi árum,- og telja mikilvægt að leita allra mögulegra leiða til þess, að fá fjárveitingu,- þar sem sérstakt húsnæðis- og viðhaldsfé verði ætlað spítalanum, þar til nýr spítali tekur til starfa.

Starfsmenn Landspítala háskólasjúkrahúss, binda nú miklar vonir við það, að stjórnvöld taki ákvörðun um, að hefja sem fyrst byggingu nýs spítala og hafa tekið virkann þátt í undirbúningsstarfinu sem unnið hefur verið að, undanfarið.

Heilbrigðis og - tryggingamálaráðherra hefur lagt sig fram um það, að styðja þetta mikilvæga verkefni og er honum sérstaklega færðar þakkir fyrir það.

Sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar að heimila skipulagshönnun á Hringbrautarlóðinni til að undirbúa spítalabygginguna markaði tímamót.

Við nýjar aðstæður skapast stórkostleg tækifæri til að mæta kröfum framtíðarinnar, um enn markvissara starf og betri þjónustu.

Hönnun á nýjum spítala á að taka mið af því sem best gerist í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við. Þannig mun nýr spítali stórbæta alla þjónustu og aðstöðu sjúklinga og starfsfólks.

Kæra starfsfólk! Við getum horft björtum augum framm á veginn.

Fyrir höndum er mikið og spennandi verkefni þar sem allar starfstéttir þurfa að leggja sitt af mörkum til að við náum því sem fyrst, - að byggja og setja í rekstur nýtt og fullkomið Háskólasjúkrahús.

Ég vil að lokum þakka Jóhannesi M. Gunnarssyni sem hefur verið starfandi forstjóri síðastliðið ár, - fyrir farsælt og vonandi ánægjulegt starf -- en Jóhannes mun nú taka við sínu fyrra starfi sem framkvæmdarstjóri lækninga.

Magnúsi Péturssyni forstjóra býð ég velkomin til starfa aftur.
En Magnús hefur verið í árs náms-leyfi í – Harvardháskóla.

Takk fyrir.